

Nd.

**737. Nefndarálit**

[193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir, og l. nr. 22 23. júní 1932, um skipun læknishéraða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og orðið einhuga um að leggja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

5. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:

Héraðslæknisstörfum í Reykjavíkurborg héraði gegnir borgarlæknir. Skal hann skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar og taka laun úr bæjarsjóði. Um starfssvið hans að öðru leyti fer eftir reglugerð, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

2. Við 4. gr. Í stað „sömu laga“ kemur: laga nr. 35 1940.

3. Í stað 5.—8. gr. kemur ein grein (5. gr), svo hljóðandi:

Ákvæði 3. gr. þessara laga öðlast gildi, þegar núverandi héraðslæknir í Reykjavíkurborg héraði latur af embætti, en þangað til annast borgarlæknir í héraðslæknis stað allt heilbrigðiseftirlit í bænum samkvæmt heilbrigðissamþykkt. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 21 13. júní 1937, um breyting á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verkssvið landlæknis og störf héraðslækna. — Að öðru leyti öðlast lög þessi þegar gildi.

Alþingi, 12. maí 1949.

Sigurður E. Hlíðar,  
form.

Helgi Jónasson,  
fundaskr.

Gunnar Thoroddsen,  
frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.

Katrín Thoroddsen.